



Aðalfundur Sýnar hf. 2024

Aðalfundur Sýnar hf. verður haldinn fimmtudaginn 11. apríl kl. 15:00. Fundurinn verður rafrænn og honum streymt frá Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík, en hluthafar sem það kjósa eru jafnframt velkomnir á fundarstað.

Dagskrá fundarins:

- Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
- Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
- Ákvörðun um hvernig skuli fara með afkomu félagsins á reikningsárinu 2023.
- Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
- Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
- Kaupréttaráætlun fyrir starfsmenn samstæðunnar til samþykktar.
- Kaupréttaráætlun fyrir lykilstjómendur samstæðunnar til samþykktar.
- Tillaga um breytingu á samþykktum.

Verði tillögur skv. liðum 6 og 7 samþykktar gerir tillagan ráð fyrir því aðalfundur veiti stjórn félagsins heimild til að gefa út nýtt hlutfé í félaginu allt að 18.000.000 hlutum. Heimildin skal aðeins nýtt til þess að efna skuldbindingar félagsins skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn félagsins í samræmi við samþykktar kaupréttaráætlanir. – Tillögur auk greinargerða með þeim eru birtar samhliða fundarboði á Nasdaq Iceland og á vefsíðu félagsins: <https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur>.

- Tillaga um lækkingu hlutfjár með innlaun (ógildingu) eigin hluta félagsins í framhaldi af kaupum á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins.

Verði tillagan samþykkt felur hún það í sér að hlutfé félagsins lækki úr kr. 2.510.017.540 að nafnvirði í kr. 2.476.489.600 að nafnvirði, eða um samtals að nafnvirði kr. 33.527.940 sem samsvarar öllum eigin hlutum félagsins. Hljóti tillagan samþykki skal stjórn félagsins samþykkja og gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins af þessu tilefni. - Tillaga þar að lútandi er birt samhliða fundarboði á Nasdaq Iceland og á vefsíðu félagsins: <https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur>.

- Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum (sem getið verður í viðauka við samþykktir félagsins).

Verði tillagan samþykkt felur hún í sér áframhaldandi heimild til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutfé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu, setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Tilgangur félagsins með endurkaupum er að lækka hlutfé félagsins og/eða að gera félaginu kleift að standa við skuldbindingar sínar skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn. Mælt verður fyrir um heimildina í sérstökum viðauka við samþykktir félagsins- Tillaga þar að lútandi er birt samhliða fundarboði á Nasdaq Iceland og á vefsíðu félagsins: <https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur>

- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsár.
- Tilnefningarnefnd kynni skýrslu sína og tillögur:
 - Tilnefningarnefnd gerir grein fyrir skýrslu sinni.
 - Tillögur tilnefningarnefndar um breytingar á starfsreglum nefndarinnar.
- Kosning stjórnar félagsins.
- Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
- Tillaga stjórnar að endurskoðunarfirma félagsins.
- Tillaga stjórnar um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd.
- Önnur mál löglega upp borin.

Upplýsingar fyrir hluthafa:

Heildarfjöldi hluta í félaginu er 251.001.754 hlutir og jafn mörg atkvæði fylgja hverjum hlut. Hver hlutur er að fjárhæð kr. 10 að nafnvirði. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Á hluthafafundum ræður afl atkvæða úrslitum allra venjulegra mála, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum félagsins eða lögum.

Aðrar upplýsingar:

Stjórn Sýnar hf. hefur ákveðið að aðalfundurinn verði rafrænn, þ.e. hluthafar munu taka þátt í fundinum með rafrænum hætti gegnum aðalfundarkerfi Lumi AGM. Rafræn þátttaka mun því jafngilda mætingu á fundinum og veita þátttöku í honum að öðru leyti.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á að sækja fundinn, hvort sem þeir ætla að mæta á fundarstað eða fylgjast með fundinum í vefstreymi, þurfa að skrá sig til að nálgast aðgangsupplýsingar á vefsvæðinu: www.lumiconnect.com/meeting/syn2024

Skráning fer **eingöngu** fram með þessum rafræna hætti. Hluthafar eru beðnir um að skrá sig tímanlega á fundinn og **eigi síðar en kl. 16:00 þann 10. apríl 2024, daginn fyrir fundardag**, þar sem ekki er hægt að tryggja aðgang að fundinum berist skráning eftir þann tíma, **auk þess sem atkvæðisréttur á fundinum miðast við fjölda hluta á því tímamarki. Hlutaskrá miðast því við uppgjör viðskipta hjá Nasdaq CSD verðbréfamistöð þann 10. apríl 2024.**

Þau sem skrá sig til fundar með rafrænum hætti fá aðgang að streymi af fundinum, geta kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar. Atkvæðagreiðsla á fundinum mun eingöngu fara fram í gegnum aðalfundarkerfi Lumi AGM. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins á fundarstað eða taka þátt með rafrænum hætti, geta greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM á tölvu eða spjaldtölvu. Nánari upplýsingar um skráningu á fundinum og rafræna þátttöku verður að finna á heimasíðu félagsins: syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboðum skal skila við skráningu á fundinn á stóðinni: www.lumiconnect.com/meeting/syn2024

Endanleg dagskrá og tillögur stjórnar verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn.

Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. fyrir kl. 15:00 mánudaginn 1. apríl 2024. Hafi hluthafar krafist þess fyrir þetta tímamark að tiltekið mál eða ályktun verði tekið fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hægt er að senda tillögur, ályktanir eða spurningar fyrir fundinn á netfangið adalfundur@syn.is. Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar er varða auglýsta dagskrárlíði á aðalfundinum sjálfum.

Sérstök tilnefningarnefnd hefur verið að störfum í samræmi við starfsreglur stjórnar og tilnefningarnefndar. Hluthafar og aðrir sem óska eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar að aðalfundi félagsins hafa átt þess kost að koma áhuga sínum og eftir atvikum framboði á framfæri við nefndina. Skýrsla tilnefningarnefndar er send kauphöll samhliða fundarboði þessu og verður einnig fyrirleggjandi á heimasíðu félagsins. Með fyrirvara um að stjórn staðfesti lögmæti hlutaðeigandi framboða leggur tilnefningarnefnd til að eftirfarandi framboðendur, í stafrófsröð, verði kosnir í aðalstjórn félagsins á aðalfundi: Hákon Sigurðsson, Páll Gíslason, Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, Ragnar Páll Dyer og Rannveig Eir Einarsdóttir. Þá leggur nefndin til að eftirtaldir framboðendur, í stafrófsröð, verði kosnir í varastjórn félagsins: Daði Kristjánsson, Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir.

Eftir sem áður er unnt að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. 63. gr. a. hlutfélagalaga nr. 2/1995 eða fyrir kl. 15 laugardaginn 6. apríl 2024. Framboð skulu berast á netfangið: hluthafar@syn.is

Í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri til að kjósa tvo af þremur fulltrúum í tilnefningarnefnd. Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar er til kl. 15:00 laugardaginn 6. apríl 2024 og ber að skila framboðum á netfangið: hluthafar@syn.is

Reglur um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu tilnefningarnefndarfulltrúanna.

Endanlegar upplýsingar um framboðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, tillögur til aðalfundar, ársreikningur fyrir árið 2023, skýrslur starfskjaranefndar og tilnefningarnefndar, starfskjarastefna, kaupréttaráætlanir og önnur skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn verður að finna á vefsíðu félagsins, syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur, eigi síðar en þremur vikum fyrir fundinn, jafnframt því sem þau eru aðgengileg frá sama tímamarki hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík.

Allar nánari upplýsingar verður að finna á heimasíðu félagsins syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt að mestu leyti á íslensku.

Stjórn Sýnar hf.